

Stjórnsýslukæra vegna mannanafnanefndar og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins

5. desember 2008

Kæri móttakandi.

Undirritaður leggur hér með fram stjórnsýslukæru vegna þeirra tafa sem orsakast hafa af töf afgreiðslu beiðni sinnar um endurupptöku máls 51/2007 hjá mannanafnanefnd. Beinist kæran að mannanafnanefnd og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þau atriði sem kæran snýst að eru brot á málshraðareglunni af hálfu beggja gagnaðila. Um kærueimild er vísað í 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga og þar sem mannanafnanefnd heyrir undir dómsmálaráðuneytið telur undirritaður það rétt að leita úrlausnar hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Kærð brot mannanafnanefndar

Mannanafnanefnd er hér með sökuð um brot á málshraðareglu stjórnsýsluréttarins, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, ásamt um brot á 23. gr. laga 45/1996. Síðarnefnda lagagreinin nefnir að nefndin skuli kveða upp úrskurði eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berast henni og því eðlilegt að telja að lengri afgreiðslutími en 4 vikur teljist sem óeðlilega langur umfjöllunartími í nefndinni. Nú er liðinn talsvert lengri tími sem ýtur undir það að nefndin sé að tefja afgreiðslu málsins með þögninni einni. Telur undirritaður að beiðni um endurupptöku falli undir þetta ákvæði þar sem þessi beiðni um endurupptöku telst sér mál. Það stuðli ekki að fljótlegri og öruggri stjórnsýslu ef að stjórnsýslunefnd geti tafið beiðnir um endurupptöku mála á þann máta sem mannanafnanefnd gerir. Undirritaður getur ekki séð að ákvörðun eins og þessi sé íþyngjandi fyrir nefndina eða aðrar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæta þá töf sem hefur orðið á afgreiðslu málsins. Til hliðsjónar er hægt að benda á að í þessu máli einvörðungu hefur nefndin oft brotið á rétti undirritaðs hvað málshraðaregluna varðar en nú hafi undirritaður fengið nóg.

Er það talið óþolandi af hálfu undirritaðs að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi látið slíkar vinnuáðferðir viðgangast í þessu og öðrum málum sem nefndin hefur afgreitt. Undirritaður gerir sér grein fyrir því að mannanafnanefnd teljist sjálfstæð stjórnarsýslunefnd en þess ber að geta að hún er þó ekki undanskilin reglum stjórnarsýsluréttarins. Í besta falli er hún ekki undanskilin þeim ákvæðum 23. gr. 1. 45/1996 sem kveða á um 4ja vikna frest hennar til að kveða úrskurði frá því að mál berast henni. Telst lagagreinin gagnslaus ef ekki er hægt að beita stjórnarsýsluúrræðum sem að eiga að tryggja að nefndin fari eftir þessari lagagrein.

Kærð brot mannanafnanefndar og dómismálaráðuneytis

Gagnaðilar eru hér með sakaðir sameiginlega um brot á 3. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga fyrir að hafa ekki tilkynnt undirrituðum um tafir á afgreiðslu málsins, ástæður tafanna og hvenær úrskurðar er að vænta eins og er ritað í fyrrgreindri málsgrein laganna. Undirritaður telur að slík kvöð á tilkynningarskyldu gagnaðila sé ekki óþarflega íþyngjandi fyrir gagnaðila þar sem hún er skráð í lögum og er hluti af reglum stjórnarsýsluréttar og ætti því að falla undir starfsskyldur beggja gagnaðila sem þeim var báðum ljós.

Undirritaður sendi tölvupóst til Kolbrúnar Lindar Ísleifsdóttur á netfangið kli@hi.is - sem skráð er aðalsamskiptanetfang mannanefndarinnar skv. vefnum rettarheimild.is - þann 13. mars sl. kl. 16:16 ásamt því að senda samhljóða afrit til Guðmundar Örvars Bergþórssonar hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á netfangið gudmundur.orvar@dkm.stjr.is. Guðmundur er, eftir því sem undirritaður best veit, sá lögfræðingur ráðuneytisins sem almennt sér um mál mannanafnanefndar og sendir þau nefndinni til úrskurðar. Í téðum tölvupósti bað undirritaður fulltrúa mannanafnanefndar um upplýsingar um gang mála og hvenær úrskurðar væri að vænta. Einnig minntist undirritaður á 4ja vikna úrskurðarfrest nefndarinnar. Þessum tölvupósti hefur að bestu vitund undirritaðs ekki verið svarað, hvorki með öðrum tölvupósti né með öðrum samskiptaleiðum.

Jafnvel þótt þessi ákveðna beiðni beindist ekki að fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sérstaklega hefði ráðuneytið átt að rækja þá skyldu að sjá til þess að beiðanda væru sendar þessar upplýsingar þegar því var ljóst um að tafir væru á afgreiðslu málsins. Engin merki eru um að tölvupósturinn hafi ekki komist til skila til gagnaðila. Fylgir afrit tölvupóstsins með þessari stjórnsýslukæru. Undirritaður hefur ekki orðið var við að úrskurður hafi fallið í málinu fyrir innlögn þessarar kæru.

Kröfur og rökstuðningur

Krafa undirritaðs er að úrskurðaraðili sjái til þess að brotlegir aðilar séu skikkaðir til að fara eftir málshraðareglunni (sbr. 9. gr. stjórnsýslulaga) og afgreiði beiðni undirritaðs í samræmi við þær. Óskar undirritaður eftir því að nefndarfólk mannanafnanefndar hljóti sektir og/eða aðrar eðlilegar og viðeigandi refsingar fyrir þær tafir sem orðið hafa á afgreiðslu málsins ef nefndin er á annað borð fundin sek um téð brot. Telur undirritaður að annars sé enginn hvati fyrir nefndina til að fara eftir fyrirmælum úrskurðaraðila ef engin refsing liggur fyrir óhlýðni. Ef úrskurðaraðili telur það við hæfi, þá óskar undirritaður eftir bótum eða viðurkenningu á bótaskyldu af hendi íslenska ríkisins fyrir þær tafir sem rekja megi til óþarfa drátta af hálfu stjórnvalda og mannanafnanefndar á afgreiðslu þessa máls.

Efni málsins sem beðið er endurupptöku á varðar leyfi undirritaðs til þess að mega bera millinafnið „Kjarrval“ en sannað þykir af hans hálfu að hann hafi rétt á að bera það en því virðist mannanafnanefnd ósammála og vísar í lagagreinar sem undirritaður mótmælti sem óviðeigandi í beiðni hans um endurupptöku málsins. Í framhaldi af því var beðið um endurupptöku máls 51/2007. Fyrirnefndur úrskurður nefndarinnar var dags. 30. október sl. en hann á rætur að rekja til beiðni dags. 26. júní 2006 sem síðar hlaut málsnúmerið 49/2006. Mál 51/2007 er því í raun endurupptaka máls 49/2006 þar sem málin eiga bæði að rekja til sömu beiðni undirritaðs. Nefndin nýtur stöðu sína sem sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar til að haga sínum málum eins og hún vill án þess að þurfa að svara til ráðherra þar á meðal hvað varðar vanvirðingu á reglum stjórnsýsluréttar eins og málshraða.

Umboðsmaður Alþingis hefur bent á það í skýrslu sinni að mannanafnanefnd hafi margoft gerst sek um tafir á úrskurðum svo þetta er ekki nýtt af nálinni og hefur ráðuneytið örugglega vitneskju um það. Telur undirritaður það ósanngjarnt að eina leiðin til að hnekkja úrskurði nefndarinnar sé að kæra þá til dómstóla sérstaklega hvað varðar beiðnir eins og undirritaður setti fram 26. júní 2006. Efnalitlir aðilar eiga því erfitt með að mótmæla ákvörðunum mannanafnanefndar fyrir dómstólum þar sem um er að ræða aðstæður sem felast ekki í fjárhagslegum skaða eða sannanlegum miska.

Undirritaður biður úrskurðaraðila um að verða sér úti á eigin vegum viðeigandi málsskjöl sem eðlilega ættu að vera í vörslu dómsmálaráðuneytisins þ.m.t. beiðni undirritaðs dags. 26. júní 2006 og öll seinni skjöl málsins.

Svavar Lúthersson kt. 071183-2119

Burknavöllum 17c

221 Hafnarfirði

Sími 863-9900